



## BARNAVERNDARSTOFA

---

Samanburður á fjölda tilkynninga til  
barnaverndarnefnda og fjölda umsókna  
um þjónustu til Barnaverndarstofu á  
árunum 2015 - 2017

**2018**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á árunum 2015, 2016 og 2017. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á árunum 2015, 2016 og 2017.

### **Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 7% á árinu 2017 miðað við árið á undan. Hins vegar er fjölgunin 16,8% ef miðað er við árið 2015. Fjöldi tilkynninga á árinu 2017 var 9.969 tilkynningar, en 9.318 árið á undan. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 7,1%, en á landsbyggðinni fjölgaði tilkynningum um 6,7% á árinu 2017 ef miðað er við árið á undan. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á árinu 2017 voru vegna vanrækslu eða 38,4% tilkynninga. Hlutfall tilkynningar árið 2016 vegna vanrækslu var 39,4% og 37,9% á árinu 2015. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis var 27,7% á árinu 2017, 28,3% árið á undan og 25,7% á árinu 2015. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 32,9% á árinu 2017, 31,4% árið á undan og 35,8% á árinu 2015. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu hefur hækkað úr 0,6% í 1% á tímabilinu.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu var 12,3% á árinu 2017, 10,8% árið á undan og 11,4% árinu 2015. En í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 8,4% á árinu 2017, 8,7% árið á undan og 7,0% á árinu 2015.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 42,8% tilkynninga á árinu 2017, hlutfallið var 43,9% árið á undan og 44,7% á árinu 2015.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á árinu 2017 var 7.878 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 7.643 börn og 7.003 börn á árinu 2015. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fækkaði á árinu 2017 úr 155 umsóknum í 154 umsóknir. Umsóknir voru 145 á árinu 2015. Umsóknir um Stuðla voru 36 á árinu 2017 og fækkaði um tvær umsóknir miðað við árið á undan. Umsóknir um önnur meðferðarheimili (Laugaland, Lækjarbakka og Háholt) voru 26 bæði árin 2016 og 2017. Umsóknum um MST fjölgaði úr 91 umsókn í 92 umsóknir á árinu 2017 miðað við árið á undan. Fjölkorfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglunga með fjölpættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Frá því í febrúar 2015 hefur þjónusta MST náð til alls landsins, en áður var þjónustusvæðið miðað við 60 min. akstursfjarlægð frá Reykjavík. Fleiri umsóknir um meðferð bárust fyrir drengi en stúlkur öll árin.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fjölgaði úr 149 beiðnum á árinu 2016 í 171 beiðni á árinu 2017. Beiðnir um fósturheimili voru 140 á árinu 2015. Beiðnum um tímabundið fóstur fjölgaði en beiðnum um varanlegt fóstur og styrkt fóstur fækkaði miðað við árið á undan. Beiðnum frá Reykjavík og landsbyggðinni fjölgaði mest, en beiðnum frá nágrenni Reykjavíkur fækkaði um eina miðað við árið á undan.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum alls fækkaði úr 235 á árinu 2016 í 233 á árinu 2017, en þau voru 241 á árinu 2015. Skýrslutökur fyrir dómi voru 117 á árinu 2017, en 116 árið á undan og 127 á árinu 2015. Skýrslutökum vegna kynferðislegs ofbeldis fækkaði á árinu 2016 miðað við árið á undan úr 77 í 60, en þeim fjölgaði á ný á árinu 2017 í 70. Frá því í mars 2015 hefur Barnahús einnig sinnt skýrslutökum og meðferð barna sem hafa upplifað líkamlegt ofbeldi og/eða heimilisofbeldi. Könnunarviðtölum fyrir barnaverndarnefndir fjölgaði úr 114 á árinu 2015 í 119 á árinu 2016, en fækkaði á árinu 2017 í 116 könnunarviðtöl. Þar af voru á árinu 2017 könnunarviðtöl við 20 hælisleitandi börn, þar af 13 sem voru fylgdarlaus. Fjöldi barna sem fóru í greiningar- og meðferðarviðtöl á árinu 2017 var 134 börn sem er sami fjöldi og árið á undan. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl öll árin.

Vistunum á lokaðri deild á Stuðla fækkaði úr 227 í 211 á árinu 2017 miðað við árið á undan. Vistanir voru 176 á árinu 2015. Vistunardögum á grundvelli 25. gr. eða 31. gr. barnaverndarlaga fjölgaði úr 1.329 dögum á árinu 2016 í 1.349 daga á árinu 2017. Vistunardagar á árinu 2015 voru 1.084. Alls komu 86 börn á lokaða deild Stuðla á árinu 2017, en 99 börn komu árið á undan, en þau voru 84 á árinu 2015.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar fækkaði úr 76 í 60 á árinu 2017 miðað við árið á undan, en umsóknir voru 59 á árinu 2015.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

## Tilkynningar til barnaverndarnefnda

### Fjöldi tilkynninga

	2015		2016		2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
<b>Barnaverndarnefnd</b>						
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	3.948	46,3	4.119	44,2	4.244	42,6
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	38	0,5	52	0,6	57	0,6
Barnavernd Kópavogs	791	9,3	689	7,4	828	8,3
Fjölskylduráð Garðabæjar	259	3,0	313	3,4	319	3,2
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	876	10,3	1.047	11,2	1.120	11,2
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	479	5,6	533	5,7	598	6,0
Fjölskylduráð Grindavíkur	46	0,5	58	0,6	68	0,7
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	226	2,7	225	2,4	227	2,3
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	151	1,8	196	2,1	306	3,1
Barnaverndarn. Akraneskaupstaðar	164	1,9	204	2,2	138	1,4
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	89	1,0	138	1,5	105	1,0
Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	45	0,5	62	0,7	53	0,5
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	127	1,5	130	1,4	114	1,1
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	7	0,1	8	0,1	15	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	24	0,3	25	0,3	23	0,2
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	70	0,8	65	0,7	64	0,6
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	33	0,4	23	0,2	36	0,4
Barnaverndarnefnd Útey	43	0,5	56	0,6	67	0,7
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	447	5,2	516	5,5	594	6,0
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	61	0,7	84	0,9	86	0,9
Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	71	0,8	61	0,6	77	0,8
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	62	0,7	88	0,9	166	1,7
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	54	0,6	46	0,5	51	0,5
Félagsmálanefnd Árborgar	158	1,9	136	1,5	186	1,9
Velferðarnefnd Árnesþings	53	0,6	100	1,1	120	1,2
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	65	0,8	84	0,9	72	0,7
Fjölsk- og tómstráð Vestmannaeyja	146	1,7	260	2,8	235	2,4
<b>Samtals</b>	<b>8.533</b>	<b>100,0</b>	<b>9.318</b>	<b>100,0</b>	<b>9.969</b>	<b>100,0</b>

## Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum


Kyn	2015		2016		2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	4.518	52,9	5.139	55,2	5.486	55,0
Stúlkur	3.968	46,5	4.103	44,0	4.389	44,0
Ekki vitað <sup>1</sup>	47	0,6	76	0,8	94	1,0
<b>Samtals</b>	<b>8.533</b>	<b>100,0</b>	<b>9.318</b>	<b>100,0</b>	<b>9.969</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	2015		2016		2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði <sup>1</sup>	6.063	71,1	6.416	68,9	6.874	69,0
Landsbyggð	2.470	28,9	2.902	31,1	3.095	31,0
<b>Samtals</b>	<b>8.533</b>	<b>100,0</b>	<b>9.318</b>	<b>100,0</b>	<b>9.969</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsýslur.



## Fjöldi barna sem tilkynnt var um<sup>1</sup>

Barnaverndarnefnd	2015		2016		2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	3.032	43,3	3.165	41,4	3.009	38,2
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	38	0,5	51	0,7	53	0,7
Barnavernd Kópavogs	681	9,7	610	8,0	703	8,9
Fjölskylduráð Garðabæjar	226	3,2	271	3,5	283	3,6
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	771	11,0	877	11,5	885	11,2
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	402	5,7	457	6,0	495	6,3
Fjölskylduráð Grindavíkur	42	0,6	52	0,7	62	0,8
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	198	2,8	190	2,5	199	2,5
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	129	1,8	172	2,2	266	3,4
Barnaverndarn. Akraneskaupstaðar	127	1,8	168	2,2	129	1,6
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	69	1,0	120	1,6	87	1,1
Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	40	0,6	61	0,8	53	0,7
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	105	1,5	116	1,5	97	1,2
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	6	0,1	8	0,1	14	0,2
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	24	0,3	25	0,3	23	0,3
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	61	0,9	60	0,8	57	0,7
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	29	0,4	21	0,3	33	0,4
Barnaverndarnefnd Útey	43	0,6	56	0,7	66	0,8
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	390	5,6	431	5,6	492	6,3
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	50	0,7	75	1,0	77	1,0
Félagsmálanefnd Fljótisdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	65	0,9	54	0,7	66	0,8
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	55	0,8	77	1,0	145	1,9
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	50	0,7	44	0,6	41	0,5
Félagsmálanefnd Árborgar	145	2,1	125	1,6	173	2,2
Velferðarnefnd Árnesþings	53	0,8	93	1,2	111	1,4
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	59	0,8	75	1,0	67	0,9
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja	113	1,6	189	2,5	192	2,4
<b>Samtals</b>	<b>7.003</b>	<b>100,0</b>	<b>7.643</b>	<b>100,0</b>	<b>7.878</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	2015		2016		2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	3.726	53,2	4.238	55,4	4.366	55,4
Stúlkur	3.242	46,3	3.344	43,8	3.443	43,7
Ekki vitað <sup>1</sup>	35	0,5	61	0,8	69	0,9
<b>Samtals</b>	<b>7.003</b>	<b>100,0</b>	<b>7.643</b>	<b>100,0</b>	<b>7.878</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	2015		2016		2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði <sup>1</sup>	4.877	69,6	5.146	67,3	5.199	66,0
Landsbyggð	2.126	30,4	2.497	32,7	2.679	34,0
<b>Samtals</b>	<b>7.003</b>	<b>100,0</b>	<b>7.643</b>	<b>100,0</b>	<b>7.878</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	2015		2016		2017	
	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	4.906	71,1	5.442	71,2	5.623	71,4
Drengir	2.508	51,1	2.914	53,5	3.035	54,0
Stúlkur	2.367	48,3	2.487	45,7	2.540	45,2
Ekki vitað <sup>2</sup>	31	0,6	41	0,8	48	0,8
Þar af nýjar kannanir	2.630	37,6	2.920	38,2	2.809	35,7
Drengir	1.322	50,3	1.513	51,8	1.459	52,0
Stúlkur	1.284	48,8	1.385	47,4	1.324	47,1
Ekki vitað <sup>2</sup>	24	0,9	22	0,8	26	0,9

<sup>1</sup>Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um

<sup>2</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Ástæður tilkynninga


Ástæður tilkynninga	2015		2016		2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Vanræksla</b>	<b>3.235</b>	<b>37,9</b>	<b>3.675</b>	<b>39,4</b>	<b>3.828</b>	<b>38,4</b>
<i>Drengir</i>	1.667	19,5	1.945	20,9	2.035	20,4
<i>Stúlkur</i>	1.568	18,4	1.730	18,6	1.793	18,0
Líkamleg vanræksla	189	2,2	233	2,5	234	2,3
<i>Drengir</i>	103	1,2	139	1,5	156	1,6
<i>Stúlkur</i>	86	1,0	94	1,0	78	0,8
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	2.603	30,5	3.066	32,9	3.277	32,9
<i>Drengir</i>	1.334	15,6	1.612	17,3	1.713	17,2
<i>Stúlkur</i>	1.269	14,9	1.454	15,6	1.564	15,7
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	977	11,4	1.008	10,8	1.230	12,3
<i>Drengir</i>	490	5,7	511	5,5	628	6,3
<i>Stúlkur</i>	487	5,7	497	5,3	602	6,0
Vanræksla varðandi nám	175	2,1	235	2,5	178	1,8
<i>Drengir</i>	94	1,1	131	1,4	97	1,0
<i>Stúlkur</i>	81	0,9	104	1,1	81	0,8
Tilfinningaleg vanræksla	405	4,7	347	3,7	287	2,9
<i>Drengir</i>	207	2,4	186	2,0	163	1,6
<i>Stúlkur</i>	198	2,3	161	1,7	124	1,2
<b>Ofbeldi</b>	<b>2.191</b>	<b>25,7</b>	<b>2.639</b>	<b>28,3</b>	<b>2.761</b>	<b>27,7</b>
<i>Drengir</i>	1.002	11,7	1.280	13,7	1.307	13,1
<i>Stúlkur</i>	1.189	13,9	1.359	14,6	1.454	14,6
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	1.207	14,1	1.648	17,7	1.673	16,8
<i>Drengir</i>	588	6,9	833	8,9	838	8,4
<i>Stúlkur</i>	619	7,3	815	8,7	835	8,4
Þar af heimilisofbeldi	597	7,0	807	8,7	841	8,4
<i>Drengir</i>	300	3,5	409	4,4	420	4,2
<i>Stúlkur</i>	297	3,5	398	4,3	421	4,2
Líkamlegt ofbeldi	490	5,7	572	6,1	679	6,8
<i>Drengir</i>	279	3,3	320	3,4	373	3,7
<i>Stúlkur</i>	211	2,5	252	2,7	306	3,1
Kynferðislegt ofbeldi	450	5,3	452	4,9	449	4,5
<i>Drengir</i>	127	1,5	132	1,4	118	1,2
<i>Stúlkur</i>	323	3,8	320	3,4	331	3,3

<b>Áhættuhegðun barna</b>	<b>3.057</b>	<b>35,8</b>	<b>2.921</b>	<b>31,4</b>	<b>3.284</b>	<b>32,9</b>
<i>Drengir</i>	1.858	21,8	1.911	20,5	2.144	21,5
<i>Stúlkur</i>	1.199	14,1	1.010	10,8	1.140	11,4
Neysla barns á vímuefnum	551	6,5	578	6,2	553	5,5
<i>Drengir</i>	333	3,9	329	3,5	323	3,2
<i>Stúlkur</i>	218	2,6	249	2,7	230	2,3
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	1.169	13,7	1.065	11,4	1.270	12,7
<i>Drengir</i>	613	7,2	624	6,7	712	7,1
<i>Stúlkur</i>	556	6,5	441	4,7	558	5,6
Afbrot barns	785	9,2	689	7,4	811	8,1
<i>Drengir</i>	516	6,0	513	5,5	607	6,1
<i>Stúlkur</i>	269	3,2	176	1,9	204	2,0
Barn beitir ofbeldi	421	4,9	461	4,9	499	5,0
<i>Drengir</i>	335	3,9	374	4,0	421	4,2
<i>Stúlkur</i>	86	1,0	87	0,9	78	0,8
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	200	2,3	228	2,4	249	2,5
<i>Drengir</i>	98	1,1	132	1,4	151	1,5
<i>Stúlkur</i>	102	1,2	96	1,0	98	1,0
<b>Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu</b>	<b>50</b>	<b>0,6</b>	<b>83</b>	<b>0,9</b>	<b>96</b>	<b>1,0</b>
<b>Tilkynningar alls</b>	<b>8.533</b>	<b>100,0</b>	<b>9.318</b>	<b>100,0</b>	<b>9.969</b>	<b>100,0</b>
<b>Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu<sup>2</sup></b>	<b>428</b>	<b>100,0</b>	<b>530</b>	<b>100,0</b>	<b>421</b>	<b>100,0</b>
<i>Drengir</i>	208	48,6	264	49,8	218	51,8
<i>Stúlkur</i>	220	51,4	266	50,2	191	45,4
<i>Ekki vitað<sup>3</sup></i>	0	0,0	0	0,0	12	2,8

<sup>1</sup>Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

<sup>2</sup>Að mati tilkynnanda

<sup>3</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna



## Tilkynnendur

Tilkynnendur	2015		2016		2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálf	40	0,5	55	0,6	77	0,8
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	460	5,4	452	4,8	495	5,0
Nágrannar	464	5,4	616	6,6	590	5,9
Önnur barnaverndarnefnd	184	2,2	182	2,0	179	1,8
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	254	3,0	233	2,5	250	2,5
Lögregla	3.813	44,7	4.087	43,9	4.270	42,8
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	991	11,6	1.175	12,6	1.238	12,4
Leikskóli/gæsluforeldri	173	2,0	265	2,8	219	2,2
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	904	10,6	863	9,3	1.017	10,2
Foreldrar barns	655	7,7	730	7,8	745	7,5
Aðrir	595	7,0	660	7,1	889	8,9
<b>Samtals</b>	<b>8.533</b>	<b>100,0</b>	<b>9.318</b>	<b>100,0</b>	<b>9.969</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um meðferð

### Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	2015		2016		2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stuðlar	36	24,8	38	24,5	36	23,4
Önnur meðferðarheimili*	23	15,9	26	16,8	26	16,9
MST	86	59,3	91	58,7	92	59,7
<b>Samtals</b>	<b>145</b>	<b>100,0</b>	<b>155</b>	<b>100,0</b>	<b>154</b>	<b>100,0</b>

\* Laugaland, Lækjarbakki og Háholt

### Umsóknir um Stuðla eftir landsvæði

Landsvæði	2015		2016		2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	11	30,6	17	44,7	19	52,8
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	12	33,3	11	28,9	8	22,2
Landsbyggð	13	36,1	10	26,3	9	25,0
<b>Samtals</b>	<b>36</b>	<b>100,0</b>	<b>38</b>	<b>100,0</b>	<b>36</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Umsóknir um önnur meðferðarheimili eftir landsvæði

Landsvæði	2015		2016		2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	12	52,2	11	42,3	14	53,9
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	7	30,4	9	34,6	7	26,9
Landsbyggð	4	17,4	6	23,1	5	19,2
<b>Samtals</b>	<b>23</b>	<b>100,0</b>	<b>26</b>	<b>100,0</b>	<b>26</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Umsóknir um MST eftir landsvæði

Landsvæði	2015		2016		2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	39	45,3	32	35,1	32	34,8
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	22	25,6	27	29,7	33	35,9
Eldra þjónustusvæði <sup>2</sup>	14	16,3	17	18,7	13	14,1
Nýtt þjónustusvæði <sup>3</sup>	11	12,8	15	16,5	14	15,2
<b>Samtals</b>	<b>86</b>	<b>100,0</b>	<b>91</b>	<b>100,0</b>	<b>92</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Nágrenni Reykjavíkur eru Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur

<sup>2</sup> Þjónustusvæði MST náði yfir 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík, að frátalinni Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur

<sup>3</sup> Önnur svæði landsins en Reykjavík og þau sem tilgreind eru í skýringu 1 og 2, þjónustan hófst í febrúar 2015.

## Kyn barna þar sem sótt er um meðferð á Stuðlum

Kyn	2015		2016		2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	20	55,6	26	68,4	23	63,9
Stúlkur	16	44,4	12	31,6	13	36,1
<b>Samtals</b>	<b>36</b>	<b>100,0</b>	<b>38</b>	<b>100,0</b>	<b>36</b>	<b>100,0</b>

## Kyn barna þar sem sótt er um meðferð á öðrum meðferðarheimilum

Kyn	2015		2016		2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	11	47,8	15	57,7	15	57,7
Stúlkur	12	52,2	11	42,3	11	42,3
<b>Samtals</b>	<b>23</b>	<b>100,0</b>	<b>26</b>	<b>100,0</b>	<b>26</b>	<b>100,0</b>

## Kyn barna þar sem sótt er um MST

Kyn	2015		2016		2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	46	53,5	48	52,7	56	60,9
Stúlkur	40	46,5	43	47,3	36	39,1
<b>Samtals</b>	<b>86</b>	<b>100,0</b>	<b>91</b>	<b>100,0</b>	<b>92</b>	<b>100,0</b>

## Beiðnir um fósturheimili

### Tegund fósturs

Tegund fósturs	2015		2016		2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	93	66,4	93	62,4	122	71,3
Varanlegt	19	13,6	32	21,5	28	16,4
Styrkt	28	20,0	24	16,1	21	12,3
<b>Samtals</b>	<b>140</b>	<b>100,0</b>	<b>149</b>	<b>100,0</b>	<b>171</b>	<b>100,0</b>

### Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	2015		2016		2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	58	41,4	55	36,9	67	39,2
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	33	23,6	41	27,5	40	23,4
Landsbyggð	49	35,0	53	35,6	64	37,4
<b>Samtals</b>	<b>140</b>	<b>100,0</b>	<b>149</b>	<b>100,0</b>	<b>171</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Kyn barna

Kyn	2015		2016		2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	73	52,1	80	53,7	94	55,0
Stúlkur	67	47,9	69	46,3	77	45,0
<b>Samtals</b>	<b>140</b>	<b>100,0</b>	<b>149</b>	<b>100,0</b>	<b>171</b>	<b>100,0</b>

## Þjónusta í Barnahúsi

### Þjónusta í Barnahúsi

	2015	2016	2017
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	241	235	233
a. Skýrslutökur <sup>1</sup>	127	116	117
Vegna kynferðislegs ofbeldis	77	60	70
Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi ofbeldis	50	56	47
b. Könnunarviðtöl	114	119	116
Þar af við fylgdarlaus börn <sup>2</sup>	-	17	13
Þar af við hælisleitandi börn í fylgd forsjáraðila <sup>3</sup>	-	-	7
Greiningar- og meðferðarviðtöl	120	134	134
Læknisskoðanir	11	13	8

<sup>1</sup> Skýrslutökur vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi hófust í mars 2015. Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu.

Barnahúss í fjórum tilvikum á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 til þess að taka skýrslu af barni.

<sup>2</sup> Hófust á árinu 2016.

<sup>3</sup> Hófust á árinu 2017.

### Kyn barna í Barnahúsi

Kyn	2015		2016		2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	77	32,0	96	40,9	79	33,9
Stúlkur	164	68,0	139	59,1	154	66,1
<b>Samtals</b>	<b>241</b>	<b>100,0</b>	<b>235</b>	<b>100,0</b>	<b>233</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

## Lokuð deild á Stuðlum

### Lokuð deild á Stuðlum

	2015	2016	2017
	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>
Fjöldi vistana	176	227	211
Vistunardagar neyðarvistun: 25. eða 31. gr. bvl.	1.084	1.329	1.349
Vistunardagar gæsluvistun: (vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008)	75	0	148
Fjöldi einstaklinga	84	99	86

### Kyn barna á lokaðri deild Stuðla

Kyn	2015		2016		2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	47	56,0	60	60,6	54	62,8
Stúlkur	37	44,0	39	39,4	32	37,2
<b>Samtals</b>	<b>84</b>	<b>100,0</b>	<b>99</b>	<b>100,0</b>	<b>86</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

### Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	2015		2016		2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni <sup>1</sup>	30	50,8	39	51,3	34	56,7
Vesturland	4	6,8	7	9,2	4	6,7
Vestfirðir	2	3,4	1	1,3	0	0,0
Norðurland	4	6,8	12	15,8	4	6,7
Austurland	1	1,7	1	1,3	2	3,3
Suðurland	8	13,6	11	14,5	10	16,7
Reykjanes	8	13,6	3	4,0	5	8,3
Fólk búsett erlendis	2	3,4	2	2,6	1	1,7
<b>Samtals</b>	<b>59</b>	<b>100,0</b>	<b>76</b>	<b>100,0</b>	<b>60</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.